

**BORGARRÁÐ 23. maí 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu stafrænna lausna varðandi nemendaskráningar ofl. í grunnskólum - MSS24050114**

Fyrirspurn vegna liðs 3; Kynning á kjarnavörum Búi og Bjargey frá fundi stafræns ráðs þann 8. maí Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort þjónustu og nýsköpunarsvið sé í einhverskonar samstarfi í innleiðingu stafrænna lausna varðandi nemendaskráningar ofl. í grunnskólum.

**Greinargerð:**

Nýlega voru lausnirnar “Búi” og “Bjargey” kynntar fyrir borgarfulltrúum. Þar eru á ferðinni kerfi sem virðast hafa með nemendaskráningar og íbúabjónustu að ræða. Nánast allir þeir sem héldu erindi á Nýsköpunardegi hins opinbera þann 15. maí sl. ítrekuðu mikilvægi samvinnu og samnýtingu stafrænna lausna og að sveitarfélög væru í þéttu samtali og virku samstarfi um þessi mál, enda væri stafræn vegferð kostnaðarsöm. Þetta hafa borgarfulltrúar Flokks fólksins ítrekað verið að benda á allt frá árinu 2019 þegar stafræn vegferð hófst. Þau eru ófá málin: tillögur, fyrirspurnir sem og bókanir Flokks fólksins þar sem lesa má að “Reykjavíkurborg skuli taka fullan þátt í innleiðingu stafrænna lausna í opinberri þjónustuveitingu ásamt öðrum sveitarfélögum og ríkinu enda í því fólgið mikið hagræði og sparnaður fyrir alla aðila - ekki síst fyrir notendur þeirra lausna sem eru íbúar í sveitarfélögum landsins.”